

Um stjórnarskrá og svik Alþingis – pistill 12.05-2017

Fyrir um hálfum áratugi eða svo fylltist ég bæði von og stolti. Í kjölfar efnahagslegs og siðferðislegs hruns íslensku þjóðarinnar virtist fylgja flóðbylgja réttlætiskenndar og lýðræðiseflingar. Hin ævafora stjórnarskrá danska konungsdæmisins var brotin til mergjar, kröfur um endurskoðun hennar urðu stöðugt háværi. Þjóðin kaus sér stjórnlagabing (þar sem alltof margir sjálfsdýrðargamlingjar þröngvuðu sér inn). Tillaga stjórnlagabings til nýrrar stjórnarskrár hlaut yfirgnæfandi stuðning í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, lét þá þau orð falla, að Alþingi væri „á reynslutíma“ hjá þjóðinni. Fyrir réttum fjórum árum, þ.e. vorið 2013, var frumvarp til laga um nýja stjórnarskrá tilbúin á Alþingi. Hún dró mjög dóm af tillögum Stjórnlagaráðs. Lunginn úr þingmannaliðinu hafði lýst yfir stuðningi við tillögur þess. Alþingi hafði meira að segja samþykkt bráðabirgðaákvæði við gildandi stjórnarskrá þess efnis, að henni mætti breyta, án þingrofs. Hvar er málið nú státt í löggjafarþinginu? „Svik Alþingis í málinu voru innsiglið 30. apríl sl. þegar bráðabirgðaákvæðið frá 2013 ... rann út. Eftir situr forhert og trausti rúið Alþingi sem skirrist ekki við að vanvirða lýðræðisleg grundvallargildi og sýnir engin merki iðrunar eða jafnvel skilnings á þeirri smán sem það hefur kallað yfir sjálft sig og landið.“ (Þorvaldur Gylfason, Fréttablaðið 11. maí 2017). Á heimasíðu Stjórnarskrárfélagsins segir (13. maí 2017): Alþingi heytist á að láta frumvarpið koma til atkvæðagreiðslu og staðfesta afgerandi vilja þjóðarinnar en bætti þess í stað bráðabirgðaákvæði við núgildandi stjórnarskrá, sem átti að gera kleift að samþykkja stjórnarskrárbreytingar án þess að rjúfa þing. Fororðið var, að þá væri hægt að vinna málið áfram og efla samstöðu um breytingarnar. Spyrja má, nú eins og þá: Samstöðu hverra? Stjórnsmálaflokka? Fyrir þinginu lá fullbúið frumvarp að nýrri stjórnarskrá og eindreginn vilji 2/3 hluta kjósenda, skýrt fram kominn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sá stuðningur þjóðarinnar er enn fyrir hendi samkvæmt könnun sem Félagsvísindastofnun birti í byrjun árs. Samstaða meðal þjóðarinnar er því eins og hún gerist best við langt, fallett og lýðræðislegt ferli, sem heldur áfram að vekja aðdáun og athygli víða um heim með vaxandi þunga.“ Alþingi hefur fallið á prófinu (einu sinni enn). Hvað er til ráða? Flokksræðið hefur lengi verið fjötur um fót. Ég legg til að lagt verði að forseta Alþingis að víkja öðrum málum til hliðar og mæla fyrir um atkvæðagreiðslu um ofangreint frumvarp. Takist það ekki má reyna að leggja að forsætisráðherra að rjúfa þing og efna til kosninga. Þá gæti fjöldahreyfing landsmanna tekið völdin. Sú fjöldahreyfing hefði tvö mál á stefnuskrá sinni; annars vegar að samþykkja nýja stjórnarskrá og hins vegar að breyta kosningafyrirkomulagi þannig (í grófum dráttum), að Alþingsmenn væru valdir af handhófi úr þjóðskrá, en einungis forseti Alþingis og forsætisráðherra yrðu kosnir beinni kosningu eins og forseti lýðveldisins.